

Garðabær
Garðatorg 7
210 Garðabær

Reykjavík, 20. desember 2024
UST202412-195/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda - Vífilstaðarvatn

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Garðabæjar dagsett 17. desember 2024, um leyfi til til framkvæmda innan friðlandsins Vífilstaðarvatns.

Vífilstaðarvatn er friðlýst sem friðland sbr. [auglýsing nr. 1064/2007](#). Óheimilt er að spilla náttúrulegu gróðurfari, trufla og hrófla við jarðmyndunum og öðrum náttúruminum í friðlandinu. Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, svo og breytingar á rennsli vatns og vatnsborðshæð, eru óheimilar nema með leyfi Umhverfisstofnunar og bæjarstjórn Garðabæjar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir lagningu reiðstígs innan marka friðlandsins við Vífilstaðarvatn. Lega stígsins myndi vera í suðvestur horni friðlandsins og að mestu innan lúpínubreiða eða á mel. Kort sem sýnir legu stígsins fylgdi með umsókn. Stígurinn yrði um 4 metra breiður. Grafan myndi marka sporið og síðan verði burðarlagi og yfirborðslagi keyrt í stígastæðið. Engar skerðingar eða efnismiklir fláar yrðu innan friðlandsins. Ekki er gert ráð fyrir að fara með vélknúin ökutæki útfyrir stígstæðið nema á áningarstöðum. Framkvæmdinn færi fram í lok desember til loka janúar og að henni kæmu 3 starfsmenn á lítilli gröfu og vörubílum.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina líklega til að hafa neikvæða áhrif á ásýnd landsins og náttúru en þarna er verið að fara yfir áður óraskað land. Stofnunin metur að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar sé farið að skilyrðum leyfisins. Framkvæmdinn er ekki talin hafa neikvæð áhrif á gesti svæðisins á framkvæmdartíma en fáir fara um þennan hluta svæðisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Garðabæ fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagningu reiðstígs innan friðlandsins Vífilstaðarvatn sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið í ár frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Forðast skal óparfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Stígurinn skal falla vel að landi.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Þar sem farið yrði yfir gróðurlendi skal nota staðargróður við uppgræðslu.
- Gæta skal að því að tækin flytji ekki með sér lúpínufræ af svæðum þar sem stígurinn liggur í gegnum lúpínubreiður yfir á lúpínulaus svæði.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það afmáð.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka gröfu og vörubílum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Í gjaldskrá Umhverfisstofnunar er heimild til að innheimta aukalega gjald sem nemur kr. **41.600,** eða sem nemur tveggja klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr., vegna umsókna sem berast innan fimm virkra daga frá fyrirhugðu verkefni sbr. 4. mgr. 29. gr. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023. Umsókn umsækjanda barst innan fimm virkra daga frá því fyrirhugað verkefni átti að hefjast. Umhverfisstofnun hefur því bætt þessari upphæð við gjaldið og mun því innheimta samtals **124.800 kr.** fyrir vinnu við afgreiðslu leyfisins.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

René Biasone
sérfræðingur